

Lög
um sauðfjárbaðanir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Prifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal það ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Stjórnarráðið annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegum baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnarráðsins fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Nr. 46.
10.
nóvbr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Viðaukalög

við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Nr. 47.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur.

Vinda og Gauta, hertogi í Sljessvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, þá skal gera samþykkt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um kornforðabúr til skepnufóðurs. Í samþykkt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

2. gr.

Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur af landssjóði, þó eigi yfir 80 aura fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

3. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði sjeð, hvað landsjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.